

Leiðbeiningar

Markmið:

Fyrirmæla-verkefni hjálpa nemendum að æfa hlustun, einbeitingu og eftirfylgni.
Verkefnin stuðla einnig að lesskilningi, rökhugsun og fínhreyfingum.

Leiðbeiningar fyrir kennara/foreldra:

Veldu fyrirmæli sem henta aldri og færni nemenda.

Lestu fyrirmælin upphátt eða láttu nemendur lesa þau sjálfir.

Nemendur fylgja fyrirmælunum nákvæmlega
og framkvæma það sem beðið er um.

Athugaðu hvort nemendur skilji fyrirmælin og leiðbeindu eftir þörfum.

Ræddu við nemendur eftir verkefnið um hvað var auðvelt eða erfitt, fáðu nemendur til að lýsa því með sínum eigin orðum
hverju þau bættu við myndina.


Þetta verkefni eflir:


Hlustunarskilning: Nemendur þurfa að hlusta vandlega á fyrirmælin.

Lesskilning: Ef nemendur lesa sjálfir þá eru þeir að efla lesskilning sinn

Einbeitingu: Að fylgja fyrirmælum krefst athygli og einbeitingar

Rökhugsun: Nemendur þurfa að vinna úr upplýsingum og ákveða hvernig þeir framkvæma fyrirmælin.





Teiknaðu geimveru í sjónvarpið.

Litaðu mottuna á gólfinu græna og blómin bleik.

Skreyttu veggina með litríkum doppum.

Börnin eru bæði með brúnt hár.

Teiknaðu lítið borð fyrir framan hægindastólinn.


Teiknaðu fjarstýringu ofan á borðið.

Litaðu hægindastólinn bláan með rauðum doppum.

Teiknaðu glugga á vegginn fyrir ofan sjónvarpið.

Teiknaðu pípuhatt á pabbann.





Litaðu ryksuguna bláa.

Teiknaðu fleiri blóm á gólfið.

Litaðu öll blómin rauð.

Teiknaðu kött ofan á kommóðuna.

Teiknaðu mús undir kommóðuna.


Teiknaðu ryk sem strákurinn er að ryksuga.

Litaðu skúffurnar á kommóðunni fjólubláar.

Teiknaðu húfu á höfuðið á stráknum.

Teiknaðu mynd í myndarammann.





Bættu við einum polli hjá hundinum.


Teiknaðu augun á hundinum stærri.
Litaðu nafið á hundinum svart.


Teiknaðu andarunga ofan á einn pollinn.
Teiknaðu blóm ofan á einn pollinn.

Gerðu einn poll að drullupolli.

Bættu fleiri rigningardropum við.

Teiknaðu sjóræningjahatt ofan á höfuðið á hundinum.
Teiknaðu regnboga í kringum hundinn.





Teiknaðu sól í hornið.

Litaðu kjólinn hjá fyrsta barninu grænan.

Litaðu skóna á síðasta barninu rauða.

Litaðu hárið á barninu í miðjunni gult.


Litaðu grænt gras fyrir neðan börnin.
Teiknaðu rauðan bolta á græna grasið.

Teiknaðu þrjú ský fyrir ofan börnin.

Teiknaðu hjarta á kjólinn hjá barninu í miðjunni.

Teiknaðu fjögur fiðrildi á myndina í mismunandi litum.





Litaðu allar buxurnar grænar.

Litaðu einn kjól bleikan með mynd af sól.

Litaðu skóna hjá tveimur börnum rauða.

Eitt barn heldur á blómi.

Eitt barn heldur á sleikjó.


Eitt barn heldur á blöðru.


Eitt barn heldur á regnhlíf.

Teiknaðu ský fyrir ofan börnin

Teiknaðu sól í hornið.

Þrjú börn eru dökkhærð og fjögur börn eru ljóshærð.





Litaðu geimflaugina rauða og gráa.

Teiknaðu stjörnur í kringum geimflaugina.

Teiknaðu tunglið í hornið.
Teiknaðu eina plánetu.


Teiknaðu sólgleraugu á annað barnið.

Litaðu geimbúninginn á öðru barninu grænan.

Teiknaðu fljúgandi geimveru.

Teiknaðu fljúgandi halastjörnu fyrir neðan geimflaugina.






Litaðu bekkinn brúnan.
Settu grænt gras undir bekkinn.


Litaðu eina bók bláa og eina bók græna.

Litaðu fiðrildið í tveimur litum.
Litaðu hárið á einu barni svart og öðru barni gult.

Teiknaðu sól í hornið.
Teiknaðu fimm lítil blóm í grasið
Teiknaðu lítinn kött sem situr við bekkinn.

Teiknaðu tvo fugla á himininn.





Litaðu sólina gula.
Litaðu grasið grænt.

Litaðu vegasaltið rautt og gult.
Litaðu rennibrautina bláa.


Litaðu blómin í mismunandi litum.
Teiknaðu þrjú bleik blóm á grasið.

Teiknaðu tvö ský á himininn.

Teiknaðu fljúgandi fugl.

Teiknaðu brosandi kött sem situr undir rennibrautinni.








Litaðu fuglinn bláan með gulum vængjum.
Teiknaðu nótur fyrir ofan börnin

Öll börnin eru dökkhærð.
Litaðu buxurnar bleikar og kjólinn í sama lit.

Teiknaðu fleiri fugla.
Teiknaðu lítið svið undir börnin.
Bættu við litríkum blómum við hliðina á börnunum.
Teiknaðu sól í hornið

Teiknaðu fiðrildi við hlið fuglsins.





Litaðu hárið á krökkunum í tveimur mismunandi litum.
Litaðu bolinn bláan og buxurnar svartar
Litaðu kjólinn rauðan.

Teiknaðu talblöðrur
Teiknaðu mynd eða skrifaðu hvað þau eru að segja.

Teiknaðu fimm blóm fyrir neðan krakkana.
Teiknaðu fimm fiðrildi að fljúga í kringum krakkana.

Teiknaðu gula sól í hornið með appelsínugulum geislum.